

## Hverfisnefnd Oddeyrar

### 21. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í matsal Oddeyrarskóla þriðjudaginn 24. júní 2004 og hófst fundur kl. 20.00.

Mætt voru: Hjalti Jóhannesson, Jón Einar Jóhannesson, Jón Ingi Cesarsson, Hafdís Pálsdóttir, Sólveig Jóhannsdóttir, og síðar Hólmar Svansson.

Byrjað var á myndatöku nefndarinnar, sem var þó fámenn.....

#### 1. **Boltavöllur við Hjalteyrargötu.**

Erindi frá Jóni Birgi Gunnlaugssyni, verkefnisstjóra umhverfismála hjá Tækni og umhverfissviði Ak.þéjar. þar sem hann greinir frá óánægju íbúa við Hríseyjargötu með boltavöllinn þar neðan við, en skemmdir hafa orðið á gróðurhúsi á lóð nr. 16. Einnig vitnar hann í reglur um almenn útivistarsvæði sem geri þeim erfitt fyrir að hafa mörk án deiliskipulags á svæðinu.

*Nefndin leggur áherslu á að þetta þetta svæði verði áfram notað sem boltavöllur. Nefndin telur edlilegt að börnum á grunnskólaaldri þ. e. til 16 ára, sé heimilt að vera þar í boltaleik samkv. gildandi útivistarreglum. Einnig kom fram sú hugmynd að Akureyrarbær gæti girt svæðið eða a.m.k. ofaná girðingu þessa tiltekna húss nr. 16 við Hríseyjargötu. Einnig væri í tengslum við breytingu á Hjalteyrargötu þ.e. í einbreiða götu, þar sem malarsvæðið vestan götu yrði gert að grænu svæði, hægt að flytja boltavöllinn fjær lóðunum. Jafnframt vil nefndin benda á að hún getur ekki sætt sig við að eigendur aðliggjandi lóða noti græna svæðið til stækkunar á eigin lóðum. Er þá átt við sem geymslustað tjaldvagna og bifreiða ásamt öðru. Nefndinni finnst reglugerðir túlkaðar afar þröngt ef bærinn telur að gera þurfi sérstakt deiliskipulag vegna boltamarka og þá er ljóst að Akureyrarbær þarf að leggja í vinnu við deiliskipulag boltavalla víða í bænum. Sömu reglur hljóta að gilda í öllum hverfum.*

#### 2. **17. júní, umhverfi Oddeyrarskóla.**

Umræður urðu um óviðunandi ástand sem skapaðist enn einu sinni í kringum Oddeyrarskóla vegna bílasýningar Bílklúbbs Akureyrar á 17. júní. Íbúar hringdu í lögreglu vegna ólöglegar bifreiðastöðu stórra flutningabíla með tengivagna upp á gangstéttum og móti umferðarstefnu, en án árangurs. Þá myndaðist mikil umferðarteppa og allt lokaðist um tíma þegar bílarnir voru að fara út úr hverfinu. Það er víst að öryggi íbúa þarna á svæðinu er í hættu ef kviknaði í eða ef sjúkrabíll þyrfti að komast um göturnar.

*Samþykkt að senda bréf til slökkviliðs, lögreglu, Umhverfisdeildar Akureyrarbæjar og Bílklúbbs Akureyrar vegna þessa máls.*

#### 3. **Heimsíða hverfisnefndar.**

*Hjalti, Jón Ingi og Jón Einar ætla á fund með Ragnari Hólmi Ragnarsyni verkefnastjóra markaðs- og kynningarmála hjá Akureyrarbæ og ræða um vinnutilhöggun varðandi heimasíðuna, mikill áhugi er á að auka og bæta efni á heimasíðunni.*

4. **Hverfislögregla.**

*Umræður urðu í framhaldi af eftirliti með boltavelli um tilurð hverfislögreglu og var þá vitnað í hugmyndir Þorsteins Péturssonar sem kom á fund með okkur í fyrra.*

*Fundarmenn ákváðu að afla sér upplýsinga um hverfislöggæslu.*

5. **Hjóltúr á boltavelli.**

*Að lokum var farið í hjóltúr og boltavellir og græn svæði skoðuð.*

*Þar kom í ljós að völluminn neðan Hríseyjargötu var í notkun af drengjum 17-18 ára og sögðust þeir geta notað neðri völlum við Laufásgötu ef hann yrði sleginn og þá ekki síður ef þeir fengju stærri mörk.*

*Enginn hávaði var í þeim og þeir mjög kurteisir. Við lofuðum að hafa milligöngu um úrbætur, en fórum svo að skoða völluminn þar neðra en hann er ósleginn og nokkuð stórgrýttur og þyrfti lagfæringar við.*

Fleira ekki gert,

Sólveig Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.